

ekkjufurú Sigríði Þorlákssdóttur, 5088 kr. með 5%  
 ársvöxtum frá -27. apríl 1915 til greiðsludags.  
 Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá  
 löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 6. maímánaðar 1918.

Nr. 95/1917.

Valdemar Thorarensen  
 gegn  
 Halldóri Kr. Júlíussyni.

#### D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, Valdemar kand.  
 Thorarensen á Akureyri, að fenginni gjafsókn um setu-  
 dómarakostnað, gegn stefnda Halldóri Kr. Júlíussyni  
 sýslumanni á Borðeyri, fyrir gestarétti Strandasýslu,  
 með stefnu dags. 12. okt. 1915, út af 563 kr. 79 au-  
 skuld, er hann taldi sig eiga hjá stefnda, auk 5%  
 vaxta frá stefnudegi, út af meðferð stefnda sem setu-  
 skiftaráðanda á dánar- og þrotabúi Ólafs N. Möllers  
 kaupmanns á Blönduósi. Málinu lauk í héraði með  
 dómi 23. júlí 1917 á þá leið, að því var vísað frá  
 dómi, og málskostnaður feldur niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdóms  
 með stefnu dags. 19. nóv. f. á., og krefst hann þess  
 að dóminum verði hrundið og málinu vísað heim í  
 hérað, til dómsáleggingar að efni til, og sér dæmdur

málskostnaður af hendi stefnda bæði í yfirdómi og héraði. Stefndi hefir á hinn bóginn krafist þess, að dómurinn verði staðfestur, sér dæmdur málskostnaður bæði í héraði og yfirdómi af hendi áfrýjanda og að áfrýjandi verði sektaður fyrir þrætugirni, en eigi hefir stefndi gagnáfrýjað sökinni.

Hér í dómi hefir málið verið rekið af hendi beggja aðila með tilvísun til reksturs þess í héraði. En þar gerði áfrýjandi þá grein fyrir kröfum sínum, að 400 kr. hefði stefndi ólöglega haldið fyrir sér af upphæðum þeim, er honum bar úr búinum samkvæmt skýrslu stefnda sjálfs, 60 kr. skuldi hann sér, af því að ferð nokkur, er áfrýjandi hafði tekist á hendur til að hitta stefnda í embættiserindum, hafi orðið til ónýtis, þar eð stefndi hafi eigi verið heima, né nokkur af hans hendi á skrifstofunni og 103 kr. 79 au. taldi hann stefnda skulda sér — að meðtaldri smáupphæð til síma og burðargjalds, sem vexti af fé því, er hann taldi sig eiga að taka úr búinu.

Skiftagjörðin fylgdi eigi dómsgjörðunum og yfirléitt ekkert eftirrit af neinu, sem gerðist á skiftunum. Aftur á móti er í dómsgjörðunum bréf frá stefnda til áfrýjanda dags. 12. des. 1913. Skýrir stefndi áfrýjanda þar frá því, að áfrýjanda og öðrum, er hann hafði borið fram kröfur fyrir, hafi verið úthlutað alls 1357 kr. 33 au. úr búinu, en frá þeirri upphæð segist stefndi hafa dregið 225 kr. + 175 kr. eða samanlagt 400 kr., er hann telur áfrýjanda hafa skuldað búinu, samkvæmt skýrslu og ráðstöfun nafngreindra umboðsmanna áfrýjanda. Bréfinu lýkur með yfirlýs-

ingu um, að afgangurinn, 957 kr. 33 au., verði greiddur áfrýjanda gegn kvittun.

Skuldajöfnun þessari, sem eigi verður séð hvenær hefir farið fram, mótmælti áfrýjandi með bréfi til stefnda, dags. 26. jan. 1914, bæði af því að hann skuldaði búinu ekkert, og af því að skiftaráðanda hefði brostið vald til að gera sér greiðslur til búans, þó að um skuld hefði verið að ræða.

Héraðsdómarinn frávísaði málinu, af því að hann taldi sig breyta vald til að meta gerðir stefnda sem skiftaráðanda í nefndu bú, en þótt þetta sé rétt að því leyti, að meðferð skiftaráðanda á bú verður ekki breytt nema með áfrýjun skiftaréttargjörðanna til æðri réttar, þá kemur það ekki til greina í þessu máli. Áfrýjandi hefir ekki krafist breytinga á skiftunum á dánar- og þrotabúi Ólafs N. Möllers; hann hefir ekki stefut hinum stefnda sýslumanni fyrir hönd búans, heldur hefir hann beint málinu á hendur honum persónulega, og krafist þess, að hann verði dæmdur til þess af eigin fé að greiða 2 upphæðir, samtals 400 kr. auk vaxta, símakostnaður og burðargjalds 103 kr. 79 au. og ennfremur 60 kr. skadabætur fyrir árangurslausa ferð á fund stefnda í embættiserindum. Um þessar kröfur, þannig einskorðaðar, á áfrýjandi rétt á að fá efnisdóm, þótt þær séu sprotnar af meðferð stefnda sem setuskiftaráðanda á ofan nefndu dánarabúi. Og með því að aðrar ástæður þykja ekki vera til frávisunar málsins, þá verður að ómerkja gestaréttardóminn og skylda héraðsdómarann til að leggja dóm á málið að efni til. Eftir þessum úrslit-

um þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í yfirdómi og ákveðst hann 25 kr.

Það er aðfinsluvert, að eigi sést á dómsgjörðunum hvort tekin hefir verið lögmælt borgun fyrir staðfestingu og innsíglun þeirra. Að öðru leyti vottast, að málfærslan í héraði hefir, að því leyti sem málið var rekið þar með gjafsókn, verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera ómerkur, og ber dómáranum að leggja dóm á málið að efni til.

Stefndi Halldór Kr. Júlíusson sýslumaður greiði áfrýjanda, Valdemar kand. Thorarensen 25 kr. í málskostnað í yfirdómi.

Málskostnaðinn ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins, sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 6. maímánaðar 1918.

Nr. 85/1917.

Sigurður Sigurðsson  
 gegn  
 Gísla Gíslasyni.

D ó m u r :

Gisli Gíslason bóndi á Litla Lambhaga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu höfðaði mál þetta